

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

340. fundur

Föstudaginn 11. júní 2021 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. Fundurinn fór fram að Hesthálsi 14 og hófst kl. 11:00.

Mætt voru:

Hjálmar Sveinsson (HS), Karen E. Halldórsdóttir (KEH), Ásgeir Sveinsson (ÁS), Sigrún Edda Jónsdóttir í farfundi (SEJ), Björg Fenger (BF) og Helga Ingólfssdóttir (HI)

Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð og Sigríður Harðardóttir (SH), sviðstjóri mannauðs- og gæðamála.

Dagskrá fundar:

1. Stefnur Strætó yfirfarnar.
2. Einelti, áreiti, tölfræði
3. Markaðshugleiðingar, sækja fram
4. Leiðarkerfi áframhald.
5. Önnur mál.

Tekið fyrir:

1. Stefnur Strætó.

Sigríður Harðardóttir, sviðstjóri mannauðs- og gæðamála fór yfir stefnur Strætó og hvernig heimsmarkmið nr. 11, 12 og 13 eru innleiddar í tengslum við þær.

Stjórn mun fjalla áfram um málið á næsta fundi.

2. Einelti, áreiti, tölfræði.

Sigríður Harðardóttir, sviðstjóri mannauðs- og gæðamála fór yfir tölfræði úr vinnustaðgreiningu þar sem sérstaklega var spurt um einelt, áreiti og ofbeldi.

3. Markaðshugleiðingar.

Markús Vilhjálmsson, markaðsstjóri Strætó fór yfir markaðssetningu eftir Covid og hvernig sækja þarf fram í breyttum heimi til að ná aftur í viðskiptavinum og tengja saman ólíka ferðamáta .

4. Leiðarkerfi.

Áframhaldandi umræður um breytingar á leiðarkerfi. Farið var yfir breytingar á leiðarkerfi í Hafnarfirði. Leið 1 breytist þannig að endastöð verður færð af Klukkuvöllum og inn í Skarðshlíð við Rósatorgið. Hafnarfjörður óskar eftir að umrædd bókun verði færð í fundargerð.

Stjórn Strætó samþykkir framlagða tillögu um lengingu á leið 1 til að tryggja þjónustu við íbúa Skarðshlíðar og Hamraness. Umframkostnaður vegna lengingar á leið 1 í samræmi við framlögð minnisblöð verður greiddur af Hafnarfjarðarbæ

5. Önnur mál

- a) Umræður urðu um rekstrarfyrirkomulag nýs leiðanets. Stjórn Strætó óskaði eftir að framkvæmdastjóri tæki saman minnisblað um hvað þarf að undirbúa fyrir innleiðingu nýs leiðanets.
- b) Fyrirspurn frá Flokki fólksins varðandi ábendingar. Framkvæmdastjóra falið að svara fyrirspurninni.

- c) Ný nöfn á biðstöðvar. Framkvæmdastjóri kynnti vinnu sem er að hefjast við endurskoðun á nöfnum stoppustöðva.

Fylgiskjöl:

Kynning á markaðsaðgerðum.

Fundi slitið kl. 13:00.

Hjálmar Sveinsson

Karen Elísabet Halldórsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Ásgeir Sveinsson

Sigrún Edda Jónsdóttir

Björg Fenger